

Alþingi
Erindi nr. P 134/598
komudagur 18.12.2008

Umsögn

Frá 1. minni hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Á fundum félags- og tryggingamálanefndar þar sem farið var yfir þau atriði frumvarps um sérstakar ráðstafanir í ríkisfjármálum sem að verkswiði nefndarinnar snúa með gestum, kom fram hörð gagnrýni á niðurskurð til almannatrygginga, bæði niðurskurðinn sem slíkan, en þó ekki síður útfærslu hans. Sérstaklega var varað við þeim neikvæðu afleiðingum sem af þessu hlytust fyrir lífeyrissjóðakerfið með stórauðnum jaðaráhrifum og skerðingu greiðslna krónu fyrir krónu.

Fyrsti minni hluti telur þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir varðandi almannatryggingakerfið vanhugsaðar og illa útfærðar og leggst gegn afgreiðslu þeirra. Ekki er hins vegar lagst gegn breytingum á fyrirkomulagi fæðingarorlofsgreiðslna sé talið óumflýjanlegt að draga þar úr kostnaði þó að rétt hefði verið að huga þar að öðrum mögulegum útfærslum.

Alþingi 17. desember 2008.

Steingrímur J. Sigfússon